

1779 23. júní

**Konungsbréf (til stiftamtmanns) um
landshlut af flutningshvölum á Íslandi**

■ 1)

□ Ef skotinn hvalur er fluttur til lands á grýtta eða sönduga staði, ellegar fjörur, er öðrum tilheyra, og kann þar að skerast og burt flytjast, svo landeiganda sé enginn skaði að, þá á hann

engan hlut í hvalnum; þó á að borga honum þann velvilja, er hann kynni við því lík tækifæri að auðsýna veiðimönnunum, eftir því sem þeir geta við hann á sáttir orðið.

■ 2)

□ Sé því líkur veiddur hvalur fluttur á land á nokkrum þeim stað, hvar skurður, björgun og burtfærsla hans á einhvern hátt spillir annars engjum eða haga, þá skulu veiðimenn betala landeiganda þann skaða og jarðarspell með einum áttunda parti af sjálfum hvalnum.